

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Garðabæ.

Bæjarstjórn Garðabæjar samþykkti á fundi 6. mars 2025 eftirfarandi:

Arnarland, deiliskipulag.

Deiliskipulagstillagan nær til 8,9 ha svæðis sem í aðalskipulagi nefnist Arnarnesháls og afmarkast af Hafnarfjarðarvegi, Fífuhvammsvegi og Arnarnesvegi.

Deiliskipulagið gerir ráð fyrir blandaðri byggð með 2-6 hæða fjölbýlishúsum ásamt atvinnu-, verslunar- og/eða þjónustuhúsnæði næst Hafnarfjarðarvegi. Sérstök kennileitisbygging/atvinnuhúsnæði getur orðið allt að 7 hæðir.

Ofangreind deiliskipulagsáætlun hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög nr. 123/2010 kveða á um og öðlast þegar gildi.

Garðabæ, 13. maí 2025.

Arinbjörn Vilhjálmsson skipulagsstjóri.

B-deild – Útgáfudagur: 16. maí 2025